

AUGLÝSING

89

21. apríl

um breyting á reglugerð um fasteignaskatt í Neskaupstað, nr. 64 5. maí 1939.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

- a. Af húseignum, hafskipabryggjum, geymslubryggjum, oliu- og benzíngeymum, skal greiða 1%.
- b. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum, skal greiða 2%. Af sérstaklega útmældum túnum og gördum greiðist ekkert gjald.
- c. Af bryggjum, þerrireitum, húsum og lóðum, sem eingöngu eru notuð til útgerðar eða landbúnaðar skal greiða 0,2%.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 67 1945, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. apríl 1952.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.

GJALDSKRÁ

90

22. apríl

fyrir vatnsveitu Neskaupstaðar.

Vatnsskattur skal vera sem hér segir:

1. Af húseignum skal greiða í vatnsskatt 1% af fasteignamatsverði, þó þannig, að lægsta gjald af einbýlishúsi skal vera kr. 100.00 og af íbúðarhúsi með tveim íbúðum eða fleiri skal lægsta gjald vera kr. 75.00 af íbúð.
2. Fyrir vatn til skipa skal greiða kr. 8.00 fyrir smálest, þó aldrei lægra en kr. 20.00.
3. Fyrir vatn til saltfiskþvottar skal greiða 1 krónu fyrir hverja smálest af fiski.
4. Fyrir fiskþvott á bryggju greiðist 50 aurar fyrir hvert tonn af slægðum fiski með haus.
5. Fyrir vatn í síldarpækil og til síldarfrystingar greiðist 50 aurar fyrir hverja tunnu síldar.
6. Fyrir vatn til ísframleiðslu greiðist kr. 2.00 fyrir hvert tonn af framleiddum ís.
7. Fyrir bifreiðar, árlegt gjald:
 - a. Fyrir vörubifreiðar kr. 50.00.
 - b. Fyrir aðrar bifreiðar kr. 30.00.
8. Fyrir hraðfryst fiskflök greiðist kr. 2.00 fyrir hvert tonn frystra flaka.
9. Þar sem vatnsnotkun er mikil heimilast bæjarstjórn að krefjast greiðslu samkvæmt vatnsmælum, og skal þá greiða kr. 1.00 fyrir hverja smálest upp að 1000 árlegrar notkunar, en 50 aura fyrir hverja smálest, sem umfram er, enda verði þá ekki innheimtur vatnsskattur samkvæmt tölulíð 3—8 jafnframt.
10. Fyrir aðra notkun á vatni ákveður bæjarstjórnin gjaldið þegar ástæða þykir til. Gjöld þessi getur bæjarstjórn hækkað eða lækkað um allt að 50%.

90 Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar, stað-
22. apríl festist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947,
um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftir-
breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir vatnsveitu Neskaupstaðar, nr. 67
22. júní 1937.

Félagsmálaráðuneytið, 22. apríl 1952.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.

91

22. apríl

REGLUGERÐ

um launakjör á símsstöðvum og póstafgreiðslum.

1. gr.

Samkvæmt 21. gr. laga nr. 60 12. marz 1945, um laun starfsmanna ríkisins, og
8. gr. laga nr. 8 9. jan. 1935, er hér með sett eftirfarandi reglugerð um launakjör á
símsstöðvum og póstafgreiðslum.

2. gr.

Starfsmenn við póstafgreiðslustörf á Akureyri, Ísafirði, Siglufirði, Seyðisfirði
og Vestmannaeyjum njóta sömu launakjara og starfsmenn póststofunnar í Reykja-
vík. Póst- og símamálastjórnin ákveður starfsmannafjölda á ofangreindum stöðv-
um og flokkun þeirra samkvæmt lögum um laun starfsmanna ríkisins.

3. gr.

Árslaun síma- og póstafgreiðslumanna á eftirtöldum stöðum séu sem hér segir:
Kr. 25 200.00: Síma- og póstafgreiðslumenn: Akranesi, Keflavík, Neskaupstað
og Selfossi.

4. gr.

Árslaun síma- og póstafgreiðslumanna á eftirtöldum stöðum séu sem hér segir:
1. Kr. 23 400.00: Síma- og póstafgreiðslumenn: Blönduósi, Borgarnesi, Eski-
firði, Reyðarfirði og Stykkishólmi. Símsstjórar: Húsavík, Höfn, Patreksfirði og
Sauðárkróki.

2. Kr. 21 600.00: Síma- og póstafgreiðslumaður Egilsstöðum. Póstafgreiðslu-
menn: Hafnarfirði, Húsavík og Sauðárkróki.

5. gr.

Árslaun síma- og póstafgreiðslumanna á eftirtöldum stöðum séu sem hér segir:
1. Kr. 19 800.00: Síma- og póstafgreiðslumenn: Dalvík og Ólafsfirði.

2. Kr. 18 000.00: Síma- og póstafgreiðslumenn: Bildudal, Bolungavík, Brúar-
landi, Búðardal, Djúpuvík, Eyrarbakka, Fáskrúðsfirði, Gerðum, Grindavík, Hjalt-
eyri, Hrisey, Hveragerði, Hvolsvelli, Raufarhöfn, Sandgerði, Skagaströnd, Stokks-
eyri, Suðureyri, Vopnafirði, Þingeyri og Þórshöfn. Símsstjórar: Flateyri, Hólmavík,
Hvammstanga, Ólafsvík, Sauðárkróki og Vík í Mýrdal. Póstafgreiðslumaður Patreks-
firði.

Launin samkvæmt 3., 4. og 5. gr. eru miðuð við það, að hlutaðeigandi símsstjórar
og póstafgreiðslumenn vinni fyrir stofnunina fullkomið eins manns verk. Geti þeir
það eigi sjálfir af einhverjum ástæðum, ber þeim að greiða af eigin launum því